

## AUGLÝSING

### um náttúruvættið Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisstjórnir hafa ákveðið að tillögu sveitarfélagsins Djúpavogshrepps og með samþykki landeiganda jarðarinnar Fagrahvamms að friðlýsa Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi sem náttúruvætti, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Blábjörg eru hluti af sambræddu líparittúfflagi eða flikrubergi, sem hefur verið kallað Berufjarðartúff (Berufjörður acid tuff). Í jarðlagastaflanum er það rétt ofan við svokallað Hólmatindstúff, sem er með surtarbrandi, en nokkuð neðan við bleikt túfflag kennt við Skessu. Berufjarðartúffið má rekja upp með fjöllum til norðausturs og er t.d. áberandi í Berunestindi. Það hefur ekki fundist sunnan Berufjarðar. Flikrubergið myndaðist í gjóskuflóði í líparítsprenngigosi. Það er að mestu úr sambræddum líparítvikri, en basaltbergbrot finnast einnig. Steindin klórít hefur myndast við ummyndun bergsins og gefur því grænleitan blæ.

Hið friðlýsta svæði er 1,49 hektarar að stærð.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu Blábjarga sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir sem hafa hátt fræðslu- og vísindagildi. Blábjörg eru aðgengilegur staður til að skoða flikrubergera enda vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

#### 3. gr.

##### *Mörk náttúruvættisins.*

Mörk náttúruvættisins miðast við læk sem rennur undir þjóðveg og beint til sjávar á Langasandi sem teygir sig í suður frá Blábjörgum. Mörk svæðisins í norður er jaðar flikrubergera við sjó og þaðan beina línu að þjóðvegi. Þjóðvegurinn og helgunarsvæði hans markar svæðið í austur og sjórinn í vestur.

Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu (ISN93) og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali.

	ISN93	
nr.	X	Y
1	723183,34	475673,36
2	723283,69	475631,25
3	723379,52	475598,13
4	723393,26	475548,50
5	723183,34	475573,76

#### 4. gr.

##### *Verndun jarðmyndana.*

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu.

#### 5. gr.

##### *Verndun gróðurs og dýralífs.*

Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.

Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu framandi plöntutegunda, nr. 583/2000.

## 6. gr.

*Umferð um náttúruvættið.*

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni. Óheimilt er að klífa Blábjörgin.

Lausaganga hunda er óheimil í náttúruvættinu í samræmi við samþykkt Djúpavogshrepps um hundahald í Djúpavogshreppi.

## 7. gr.

*Tjöldun, gisting og umgengi.*

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða, brenna eða henda úrgangi innan náttúruvættisins.

## 8. gr.

*Umsjón með náttúruvættinu.*

Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum landeigenda samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, skiltagerð og aðrar framkvæmdir.

## 9. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun.*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við landeiganda og Djúpavogshrepp, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, jarðmyndanir þess og lífríki í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og upplýsir Umhverfisstofnun og landeigendur um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

Í verndar- og stjórnunaráætlun skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu mannvirkja.

## 10. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar nema með leyfi landeigenda, Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun og ekki fara í bága við markmið friðlýsingarinnar, sbr. 2. gr.

## 11. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

## 12. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. nóvember 2012.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðríður Þorvarðardóttir.*

**Fylgiskjal.**

